

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis
aldraðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárens til byggingarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Orðaskýringar.**

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús (hótel): Gististaður af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.